

12

5. febr.

**SAMÞYKKT****um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar  
nr. 215 27. des. 1947.**

## 1. gr.

3. grein samþykktarinnar hljóði þannig:

Bæjarráð skal skipað fimm bæjarfulltrúum, sem kosnir eru eins og að framan greinir. Einnig skulu kosnir jafnmargir varamenn á sama hátt.

Kjósa skal tvo aðalfulltrúa í bæjarráð og tvo varamenn, þegar stjórnarráðið hefur staðfest þessa breytingu, en síðan skal fullskipað bæjarráð kosið samkvæmt 2. gr. samþykktarinnar.

Bæjarráð hefur fasta fundi vikulega og aukafundi eftir þörfum, og eru fundir lögmætir ef meiri hluti bæjarráðsmanna mætir. Í forföllum aðalmanna skulu varamenn mæta.

Bæjarráð hefur eftirtalin mál bæjarins með höndum, stjórnar þeim og tekur um þau ákvarðanir, sem jafnframt eru tillögur til bæjarstjórnar og þurfa að öðlast samþykki hennar svo gild verði:

**A. Fjárhagsmál.**

Til þess telst umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúningur fjárhagsáætlunar, tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins, samning skýrslu um eignir og skuldir bæjarins, svo og eftirlit með bókhaldi hans og innheimtu gjalda. Enn fremur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarins, götum, holræsum, vatnsveitu, vatnsölu og götulýsingu, allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar og reglugerðum þar að lútandi. Til þessa liðs telst einnig mulningsvél bæjarins og umsjón með henni.

**B. Fasteignamál.**

Til þess telst umsjón með fasteignum bæjarins, svo sem: Lóðum, húsum, jörðum, mótaki, grjótnámi, sandnámi, slægjum, hagabeit, fjallskilum og fleiru, að því leyti sem ekki er öðruvísi fyrirskipað um þessi mál í lögum og reglugerðum.

**C. Bókasafnmál.**

Til þess telst umönnun og stjórn á bókasafni bæjarins, samkvæmt reglugerð þess og samþykktum bæjarstjórnar.

**D. Sjúkrahúsmál.**

Til þess telst stjórn og rekstur á sjúkrahúsi bæjarins, í samráði við ráðsmenn sjúkrahússins og sjúkrahúslækni, allt eftir nánari ákvörðunum reglugerðar sjúkrahússins. Þegar bæjarráð hefur sjúkrahúsmál til meðferðar, skal það jafnan kveðja á fund með sér sjúkrahúslækni og ráðsmann, en eigi hafa þeir þar atkvæðisrétt.

**E. Brunamál.**

Til þess telst framkvæmd á öllum brunamálum bæjarins, samkvæmt lögum og reglugerðum um brunamál og slökkvilið bæjarins.

**F. Búnaðarmál.**

Til þess telst stjórn á búrekstri bæjarins í samráði við bústjóra, svo og önnur starfsemi, sem rekin kann að verða í sambandi við búreksturinn.

Bæjarráð skal halda sérstakar gerðabækur fyrir hvern flokk mála, sem undir það heyrir samkvæmt framangreindu, og gera tillögur um málin til bæjarstjórnar, 5. febr. sem leggur á þau fullnaðarúrskurð.

Starfsmenn og framkvæmdastjórar hinna einstöku fyrirtækja, sem undir bæjarráð heyrir, skulu ráðnir af bæjarstjórn eftir tillögu bæjarráðs, nema lög og reglugerðir mæli öðruvísi fyrir.

Bæjarstjórn getur vísað til bæjarráðs þeim málum, sem henni sýnist, enda þótt þau heyri ekki undir bæjarráð samkvæmt samþykkt þessari.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 67 14. nóv. 1917 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1958.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

Jón S. Ólafsson.

## REGLUGERÐ

13

5. febr.

um heimilishjálp í Aðaldæla- og Reykdælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

### 1. gr.

Hreppsnefndir Aðaldæla- og Reykdælahreppa fara með stjórn heimilishjálpar í Aðaldæla- og Reykdælahreppi. Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar er í höndum 6 manna nefndar, sem skipuð er af báðum hreppsnefndum, 3 frá hvorri, og jafnmörgum til vara. Kjörtími nefndarinnar er hinn sami og hreppsnefndanna.

Nefndin á rétt á að sitja fundi hreppsnefndanna, þegar rætt er um mál, er varða heimilishjálpinu, og hafa nefndarmenn þar málfrelsi og tillögurétt.

### 2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálpu á heimilum, þegar sannað er með umsögn læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem nefndin metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Hjálpin skal veitt svo lengi, sem nefndin telur brýna nauðsyn bera til, sé þess kostur.

### 3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálpar. Ber nefndinni að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálpinu stunda á vegum stofnunarinnar séu hæfar til starfsins og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómi.

### 4. gr.

Sveitarsjóðir Aðaldæla- og Reykdælahreppa bera ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur þær, er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

### 5. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun hreppsnefndanna.